

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

STEFNA FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA Í INNRA STARFI OG FÉLAGSMÁLUM 2018-2022

1. STARFSEMI OG STARFSHÆTTIR

Félag framhaldsskólakennara leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti, jafnrétti og ábyrgð í störfum. Fagmennska, siðareglur kennara, fagleg orðræða og samheldni eru þeir hornsteinar sem byggja ber á.

Félagið tekur virkan þátt í samstarfi innan Kennarasambandsins og gætir hagsmuna félagsmanna. Félagið á samstarf við önnur samtök launafólks á Íslandi og tekur virkan þátt í starfi norrænu kennarafélaganna og alþjóða kennarasamtakanna.

Stöðugildi á vegum félagsins eru tvö og hálf. Formaður er í fullu starfi, einnig er 1,5 stöðugildi samanlagt fyrir sérfræðing í kjaramálum og sérfræðing í vinnumatmálum.

Félagið forgangsraðar verkefnum svo að stöðugildi og fjármunir nýtist sem best í þágu félagsfólks og leggur áherslu á skýra og einfalda meðferð við erindum og málum.

Á tímabilinu 2018-2022 er lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

- Að bjóða upp á sérstaka fræðslu fyrir unga kennara og/eða nýliða. Kynna fyrir þeim starfsemi FF og KÍ.
- Að gefa út kynningarefni fyrir nýja kennara um félagsmál og kjaramál á eigin vegum og í samstarfi við Kennarasambandið.
- Að standa fyrir umfjöllun og umræðu um kennarastarfið og skólamál á eigin vegum og í samstarfi við Kennarasambandið.
- Að hafa með höndum fræðslu- og upplýsingamiðlun fyrir félagsfólka á eigin vegum og í samstarfi við Kennarasambandið.

2. ERINDREKSTUR VIÐ FÉLAGSDEILDIR

Félagið starfrækir erindrektur við félagsdeildir í framhaldsskólum í þeim tilgangi að styrkja tengsl félagsmanna við forystu félagsins og veita félagsmönnum upplýsingar um starfsemi félagsins frá fyrstu hendi. Formaður ber ábyrgð á erindrekstri en æskilegt er að stjórnarmeðlimir og eftir atvikum samninganefndarmenn sinni erindrekstri eins og kostur er starfa þeirra vegna.

Á tímabilinu 2018-2022 er lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

- Að formaður/erindrekar heimsæki félagsdeildir einu sinni á ári og haldi fundi með forystufólki deilda eða almenna félagsfundi eftir tilefnum og aðstæðum.
- Að þetta raðir félagsmanna meðal annars með því að skipuleggja svæðafundi erindreka með forystufólki félagsdeilda um félagsmál og kjaramál til að efla tengsl milli deilda.

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

3. FÉLAGSDEILDIR OG FORYSTUFÓLK FÉLAGSDEILDA

Félagsdeildir eru grunneiningarnar í skipulagi Félags framhaldsskólakennara. Félagsdeildirnar eru grunneiningar félagsins í framhaldsskólum og vinna að hagsmunamálum félagsmanna á vinnustað í samstarfi við Félag framhaldsskólakennara og Kennarasamband Íslands.

Á tímabilinu 2018-2022 er lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

- Að styrkja félagsdeildir fjárhagslega og nýta fjármuni sem best.
- Að gefa út fræðslu- og upplýsingaefni fyrir félagsdeildir.
- Að hafa með höndum fræðslu fyrir trúnaðarmenn á eigin vegum og í samstarfi við Kennarasambandið, meðal annars að skipuleggja fræðslu fyrir nýja trúnaðarmenn.
- Að bjóða upp á námskeið fyrir forystufólk félagsins um stjórnarsýslurétt, upplýsingarétt, persónuvernd og almennt þau viðfangsefni sem geta styrkt forystufólk félagsins innan stofnananna.

4. STARFSUMHVERFI FRAMHALDSSKÓLA

Félagið leggur áherslu á að starfsumhverfi í framhaldsskólum sé í samræmi við lög og reglur um vinnuvernd og lög um jafnrétti kynjanna. Kynjasamþætting skal höfð að leiðarljósi í öllum ákvörðunum og stefnumótun félagsins.

Á tímabilinu 2018-2022 er lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

- Að félagið fylgi því eftir að unnið sé eftir jafnréttis- og eineltisáætlunum í framhaldsskólum og að félagsfólk verði meðvitað um þær og notkun þeirra.
- Að félagið fylgi því eftir að í skólunum séu fyrir hendi skýrir verkferlar um meðferð mála sem varða áreitni, þ.m.t. kynferðislega áreitni, einelti og ofbeldi í starfi þannig að ljóst sé hvert skal leita með mál og hvernig þau eru unnin.
- Að koma á laggirnar sérstökum stuðningi og farvegi innan FF og KÍ þar sem þolendur smættunar, kynbundins áreitis og ofbeldis geti leitað aðstoðar og fengið ráðgjöf og stuðning.

5. INNRA STARF FÉLAGSINS

Á tímabilinu 2018-2022 er lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

- Að fjalla um siðareglur kennara og notkun þeirra í ræðu, riti og reynd.
- Að standa fyrir markvissri umræðu um orðræðu kennara á samfélagsmiðlum. Að koma á uppbyggjandi farvegi fyrir gagnrýna umræðu innan félags.
- Að standa fyrir kynningu á starfi framhaldsskólakennara og byggja upp jákvæða ímynd starfsins.

6. FAGGREINAFÉLÖGIN

FF stuðli að eflingu faggreinafélaga og tryggi leiðir til að styrkja þau, til þess að þeirra starf geti haldið áfram.